



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Kópavogi, 29.maí 2020.

Borgarráð Reykjavíkurborgar
v.t. Ólöf Magnúsdóttir


Varðar: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fyrirtækið Strategíu og kostnað vegna tillagna fyrirtækisins um stjórnskipulag byggðasamlaga – R20040182.

Vísa er til tölvupóst frá skrifstofu borgarstjórnar frá 11. maí 2020 en spurt er um hvernig Strategía varð fyrir valinu að koma með tillögu á stjórnskipulagi byggðasamlaga, hvort verkefnið hafi farið í útboð, hver sé kostnaðurinn og hver greiðir.

Á aðalfundi SSH þann 15. nóvember 2019 var samþykkt í starfsáætlun SSH fyrir árið 2020 “ að hefja umræðu og stofna til verkefnis um stjórnsýslulega stöðu byggðasamlaganna. Utanþkomandi ráðgjafi verði fengin til að vinna tillögugerð í samráði við sveitarfélögin er varðar framtíðar stjórnskipulag byggðasamlaganna. Þá verði farið yfir þá vinnu sem þegar hefur verið unnin á þessum vettvangi, endurskoðun á samþykktum og eigendastefnu byggðasamlaganna með skilvirkni og hagræði að leiðarljósi”. (sjá bls.3 í meðfylgjandi starfs-og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2020).

Í febrúar 2020 var unnið að því að fá ráðgjafa að verkefninu og stóð valið á milli Capacent, KPMG og Strategíu. Að loknu faglegu mati varð það niðurstaðan að ganga til samninga við Strategíu. Byggðist sú niðurstaða á mati á þekkingu og reynslu, nálgun á verkefni og verði þjónustu.

Þá eins og fram kemur í starfs- og fjárhagsáætlun er áætlað að fyrsti hluti verkefnisins sé um 7. millj. kr. (sjá bls 4 í tölfu í starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2020). SSH stendur straum af verkefninu kostnaðarlega og heldur utan um verkefnið.

Virðingarfyllst,
f.h Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Páll Björgvin Guðmundsson
Frankvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi starfs-og fjárhagsáætlun SSH 2020.



Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2020

Á árinu 2020 verður starfsemi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) eflað enn frekar og byggð upp á þeim grunni sem lagður hefur verið. Hlutverk og markmið SSH liggja fyrir og eiga að endurspeglar daglega starfsemi samtakanna:

Hlutverk og markmið SSH

- Að vera vettvangur samráðs og samstarfs aðildarsveitarfélaganna, vinna að sameiginlegum hagsmunamálum og vera sameiginlegur málsvari þeirra.
- Að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsmanna sveitarfélaganna.
- Að vinna að framþróun til hagsældar fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins.
- Að hafa frumkvæði að vöktun, greiningu, umræðu og kynningu á málum sem stuðla að eflingu sveitarfélaganna og höfuðborgarsvæðisins í heild.
- Að fylgjast með nýjungum á sviði sveitarstjórnarmála jafnt innanlands sem erlendis og miðla þeim til aðildarsveitarfélaganna.
- Að standa fyrir reglubundnu samráði við ríkisvaldið, ráðuneyti og stofnanir um málefni er varða hag sveitarfélaganna og vinna með þeim hætti að framþróun og hagsmunum höfuðborgarsvæðisins.

Helstu verkefni á árinu 2020

Með ofangreind markmið að leiðarljósi er það vilji stjórnar SSH að efla samtökin enn frekar með áherslu í átt að öflugri hagsmunagæslu fyrir höfuðborgarsvæðið. Stjórn samtakanna leggur því til, í starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir 2020, að fjölga í starfslíði samtakanna. Þannig er verið að styrkja vinnu og móta leiðir til að ná betur fram markmiðum samtakanna. Með þessari ráðstöfun verði til markvissari verkefnastjórnun, betri stefnumótun í þeim málaflokkum sem sveitarfélögin vinna sameiginlega að, ásamt aukinni greiningarvinnu og frumkvæði er varða hagsmunamál SSH.

Þá þarf að yfirfara og efla samskiptaverkfæri SSH svo sem heimasíðu, samfélagsmiðla o.fl til að koma upplýsingum og áherslumálum SSH á framfæri með skilvirkari hætti. Nýta þarf rafrænar leiðir í auknu mæli til að miðla upplýsingum til kjörinna fulltrúa á höfuðborgarsvæðinu.

Skipulag og samgöngur

Samkomulag við ríkið um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum á höfuðborgarsvæðinu var undirritað 26. september 2019. Gert er ráð fyrir því að eftirfylgni SSH á



efnisatriðum samgöngusáttmálans verði umfangsmikil á árinu 2020. Unnið verður að endurnýjuðu samkomulagi við ríkið um rekstur almenningsgangna og áætlað að þeirri vinnu verði lokið fyrir árlök 2020.

Framkvæmda- og verkefnastjórn Borgarlínu vinnur á grunni samkomulags SSH og Vegagerðarinnar og mun verkefnið vera áfram umsvifamikið á vettvangi SSH á árinu 2020. Hluti af starfsliði verkefnastofu Borgarlínu verður staðsett á skrifstofu SSH meðal annars til þess að efla beina tengingu við kjörna fulltrúa og starfsmenn SSH eftir því sem verkefninu fleytir fram. Reiknað er með því að verkefnastofa Borgarlínu renni inn í félag sem stofnað verður til að halda utan um framkvæmdirnar skv. samkomulaginu frá 26. september, í 6 gr. samkomulagsins segir: „*Verkefnastofa Borgarlínu annast undirbúning verkefnisins fram að stofnun félagsins*“.

Vinna við að framfylgja svæðisskipulagi sveitarfélaganna heldur áfram á árinu 2020. Þá er verið að ljúka breytingum á skipulaginu vegna iðnaðarsvæðis við Álfsnes og gera má ráð fyrir að áfram verði unnið að breytingum vegna iðnaðarsvæðis á Hólmsheiði. Mikilvægt að viðhalda svæðisskipulaginu og vinna að sameiginlegum greiningum og leiðbeiningum. Ná þarf fram, með skýrari hætti, þeim markmiðum sem sett eru fram í skipulaginu. Horft er til þess að gera markmiðin mælanleg og setja fram á aðgengilegan hátt. Mörg sveitarfélögin eru um þessar mundir að endurskoða aðalskipulag sitt eða hefja þá vinnu. Mikilvægt er að svæðisskipulagið geti stutt við þær breytingar með upplýsingum og umsögnum um samræmi skipulagsstiga. Á vegum svæðisskipulagsins hefur verið unnið að gerð fimm ára þróunaráætlunar og hefur upplýsingum um íbúðir í uppbyggingu og áform einstakra sveitarfélaga verið viðhaldið.

Á vegum samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu hefur verið unnið að reglubundinni uppfærslu grunnvatnslíkans og tillögum um fjölgun rannsóknarhola á Bláfjallasvæðinu. Mikilvægt er að samráðshópurinn starfi áfram og vinni að sameiginlegum verkefnum vatnsverndar og vatnsnýtingar.

Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024

Unnið er að gerð nýrrar sóknaráætlunar fyrir árin 2020-2024 og tekur áætlunin gildi 1. janúar 2020. Sóknaráætlun er unnin á grundvelli nýs samnings milli samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Áfram verða sterk tengsl á milli svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og verkefna sóknaráætlunar. Utanaðkomandi verkefnastjóri hefur, í samráði við framkvæmdastjóra SSH, haldið utan um áhersluverkefni sóknaráætlunar og er gert ráð fyrir því fyrirkomulagi áfram.

Byggðasamlög og skíðasvæði

Áframhaldandi utanumhald og stuðningur við byggðasamlögin skv. eigendastefnu Strætó bs. og Sorpu bs.



Að hefja umræðu og stofna til verkefnis um stjórnsýslulega stöðu byggðasamlaganna. Utanaðkomandi ráðgjafi verði fengin til að vinna tillögugerð í samráði við sveitarfélögin er varðar framtíðar stjórnskipulag byggðasamlaganna. Þá verði farið yfir þá vinnu sem þegar hefur verið unnin á þessum vettvangi, endurskoðun á samþykktum og eigendastefnu byggðasamlaganna með skilvirkni og hagræði að leiðarljósi.

Áframhaldandi vinna og aðkoma að uppbyggingu og framkvæmdum á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins.

Áframhaldandi vinna og aðkoma að lausnum er varða úrgangsmál höfuðborgarsvæðisins.

Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk

Fjögur sveitarfélög innan SSH munu endurgera samning sín á milli og vinna að sameiginlegu útboði um rekstur ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk í umsjón Strætó bs og mun sú undirbúningsvinna ná inn á árið 2020. Í framhaldinu verður hefðubundin eftirfylgni samkomulagsins á vettvangi SSH.

Þverfaglegt samstarf: Samstarfshópar og nefndir

Á vettvangi SSH starfa nefndir og verkefnahópar sem gert er ráð fyrir að starfi áfram á árinu 2020.

Formlegar nefndir:

1. Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins sem byggir á ákvæðum skipulagslaga og er skipuð tveim fulltrúum frá hverju aðildarsveitarfélagi.
2. Skólamálanefnd SSH, nefndina skipa fræðslustjórar aðildarsveitarfélaganna að Kjósahreppi undanskildum. Hún starfar samkvæmt erindisbréfi og er ætlað að vera samráðs- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna á sviði fræðslumála.

Viðvarandi samstarfshópar:

1. Samstarfshópur velferðasviða
2. Stýrihópur vatnsverndar og vantsnýtingar
3. Fagráð svæðisskipulags

Tímabundnir samstarfs- eða verkefnahópar:

1. Hjólreiðahópur SSH og Vegagerðarinnar
2. Starfshópur um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk
3. Verkefnahópur um framkvæmdir á skíðasvæðunum



Önnur verkefni

Umsjón og framkvæmd á viðhaldi höfuðborgargirðingarinnar. Á árinu 2020 þarf að endurnýja hluta af girðingu höfuðborgarsvæðisins. Vinna þarf að heildstæðri áætlun í þessu verkefni en m.a. hefur verið gerð krafa á samtökin er varða fjárvörslu af hendi sauðfjáreigenda á höfuðborgarsvæðinu.

Fjárhagsáætlun:

Fjárhagsáætlun SSH endurspeglar starfsemi samtakanna. Unnin er fjárhagsáætlun fyrir rekstur og fjárhag samtakanna og haldið er sérstaklega utan um þau verkefni sem unnið er að á hverjum tíma. Dæmi um slíkt bókhaldslegt utanumhald er kjarnastarfsemi SSH, starfsemi svæðisskipulags, sóknaráætlun, Borgarlína og annara verkefna sem unnin eru á vettvangi og á ábyrgð SSH til skemmri eða lengri tíma.

Á skrifstofu SSH starfa þrjú starfsmenn í 2,7 stöðugildum. Um er að ræða framkvæmdastjóra, svæðisskipulagsstjóra og skrifstofufulltrúa sem sér um bókhald, afgreiðslu, vefsíðu ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Utanaðkomandi verkefnastjóri heldur utanum áhersluverkefni sóknaráætlunar og hluta af bókhalds- og launavinnslu er útvistað.

Forsendur fjárhagsáætlunar: Gert er ráð fyrir því að almennir rekstrargjaldaliðir hækki um 2,73% (neyslúvísitala) og laun um 5,5% (launavísitala) ásamt álagi vegna óvissu um endanlega niðurstöður kjaraviðræðna. Þá er gert ráð fyrir einu viðbótar stöðugildi á skrifstofu samtakanna sbr. umfjöllun hér að framan. Gert er ráð fyrir tekjuhækkun til að koma til móts við hækkun rekstrarkostnaðar og er gerð tillaga um að framlag sveitarfélaganna verði 105 kr. á hvern íbúa höfuðborgarsvæðisins á árinu 2020.

Sérstakur verkefnakostnaður er áætlaður skv. töflu 1.

Samgöngumál höfuðborgarsvæðisins.	1.500.000
Samningur um sóknaráætlun - framlag SSH.	5.000.000
Byggðasamlög - verkefni.	7.000.000
Viðhald á höfuðborgargirðingunni.	5.000.000
Endurnýjun á hluta höfuðborgargirðingarinnar.	2.000.000
Samtals	20.500.000

Tafla 1: Áætlaður sérstakur verkefnakostnaður á árinu 2020.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2020 eru að gert er ráð fyrir því að nokkur rekstrarhalli verði á starfseminni á árinu 2020 eða um 16,7 millj. kr.. Helsta elsta ástæðan er hækkun vegna viðbótar



stöðugildis og tímabundinna verkefna. Áætlaður fjárhagslegur halli á árinu 2020 er fjármagnaður með handbæru fé.

Samandregna fjárhagsáætlun má sjá í töflu 2:

SSH FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020						
		Staða fjárhagsbókhalds 30. september 2019	Samþykkt áætlun 2019	Hlutfall af áætlun	Áætluð staða 31.12.2019	Fjárhagsáætlun 2020
TEKIUR						
	Árgjöld aðildarsveitarfélaganna	-15.976.170	-15.800.000	101%	-15.976.170	-23.964.255
	Framlag jöfnunarsjóðs	-25.194.859	-35.000.000	72%	-33.778.074	-35.300.000
	Aðrar tekjur	0	-2.600.000	0%	-4.151.624	-2.700.000
	TEKIUR ALLS:	-41.171.029	-53.400.000	77%	-53.905.868	-61.964.255
REKSTRARGJÖLD						
	Laun og launatengd gjöld	25.171.943	27.300.000	92%	32.421.824	45.400.000
	Húsnæðiskostnaður	4.803.171	6.000.000	80%	6.266.701	6.818.850
	Skrifstofa, uppl. kerfi, fundakostn. o.fl.	7.603.040	11.000.000	69%	13.183.043	11.300.000
	Samtals rekstur skrifstofu	37.578.154	44.300.000	85%	51.871.568	63.518.850
	Hlutdeild svæðisskipulags /sóknaráætlunar	-3.750.000	-6.000.000	63%	-5.000.000	-5.000.000
	Nettó rekstur skrifstofu	33.828.154	38.300.000	88%	46.871.568	58.518.850
Verkefnakostnaður		4.644.846	16.000.000	29%	10.284.399	20.500.000
Fjármagnsliðir		-120.000	-800.000	15%	-350.000	-350.000
HEILDARNIÐURSTAÐA		-2.818.029	100.000		2.900.099	16.704.595

Tafla 2: Fjárhagsáætlun SSH 2020.